

Mánudaginn 9. mars 1992.

Nr. 168/1990. **Fjármálaráðherra vegna rikissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.)

gegn

Ingólfi Harðarsyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Skaðabótamál. Lögreglumenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1990. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfufjárhæð verði lækkuð og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms. Jafnframt er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði.

Atvikalýsing í héraðsdómi er byggð á frásögn stefnda í skýrslu hans til lögreglustjórans í Reykjavík 15. febrúar 1984.

Í héraðsdómi er vitnað til framburðar lögregluþjónanna Ólafs Egilssonar og Stefáns Arnar Guðjónssonar, sem voru báðir nemendur í Lögregluskóla ríkisins samtímis stefnda. Þeir tóku báðir þátt í sams konar knattleik í skólanum og lýst er í héraðsdómi, en hvorugur þeirra virðist hafa verið viðstaddur, er stefndi varð fyrir slysi því, sem um ræðir í málinu.

Ólafur Egilsson skýrir svo frá, að um hafi verið að ræða „rugby“-leik. Leikreglur hafi ekki verið aðrar en þær, að bannað hafi verið að kýla og sparka. Pústrar hafi verið í leiknum og slys á leikmönnum í nokkrum tilvikum, er haft hafi í för með sér minni háttar meiðsli. Hann telur, að leiknum hafi svipað til „júdó“ með tilliti til hættu á meiðslum. Vitnið varð ekki vart við, að ryskingar eða slagsmál ættu sér stað.

Stefán Örn Guðjónsson minnir, að eigi hafi verið um ákveðnar leikreglur að ræða, „þannig að þetta fór af stað og leystist upp bara í svona allsherjar-slagsmál“. Hann kveður mjög mikla hörku

hafa verið í leiknum, og þannig hafi það átt að vera að sögn þess, er leiðbeindi leikmönnum. Vitnið minnir, að leiðbeinandinn hafi ekki látið slíkt til sín taka. Hann kveður töluvert hafa verið um blóðnasir og skakkaföll. Um einhvers konar „rugby“-leik hafi verið að ræða, nema engar reglur hafi verið í leiknum. Síðar í framburði sínum tekur vitnið svo til orða: „...náttúrliga leiðist þetta mjög fljótlega út í slagsmál ... Þetta voru bara slagsmál hrein og bein og ekkert annað, þetta var einhvers konar þrekæfing“. Hann kveður mikið hafa verið um pústra. Aðspurður, hvort leikmönnum hafi verið frjálst að taka þátt í þessum leik, svaraði hann því til, að um lögregluæfingu hafi verið að ræða og nemendur hafi hlýtt þeim, er slíkum æfingum stjórnuðu.

Samkvæmt lýsingu stefnda á atvikum að slysinu og framangreindri frásögn tveggja vitna um það, hvernig umræddur knattleikur fór fram, þykir sýnt, að hann hafi að minnsta kosti með köflum verið allharkalegur og nokkur hætta á því, að þátttakendur kynnu að verða fyrir slysum. Hér var ekki um íþróttaæfingu að ræða, heldur hluta af starfsþjálfun lögregluþjóna, sem þeim var skylt að taka þátt í. Atvik voru því ekki sambærileg þeim, sem fjallað er um í H. 1981,1113. Samkvæmt þessu og forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um fébótaábyrgð áfrýjanda á slysinu.

Með skírskotun til röksemda í hinum áfrýjaða dómi má fallast á mat héraðsdómara á tjóni stefnda af völdum slyssins. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um vexti og málskostnað.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts. Dráttarvextir af málskostnaði verða ekki dæmdir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, greiði stefnda, Ingólfi Harðarsyni, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1990.

Mál þetta, sem dómtékið var 1. mars 1990, er höfðað fyrir dóminum með stefnu, þingfestri 30. mars 1989, af Sigurði G. Guðjónssyni hrl.,

Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, f.h. Ingólfs Harðarsonar, kt. 030261-5859, Tulsa, Oklahoma, Bandaríkjunum, á hendur Ólafi Ragnari Grímssyni, kt. 140543-3229, Barðaströnd 5, Seltjarnarnesi, fjármálaráðherra Íslands, f.h. ríkissjóðs Íslands.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skaðabætur, að fjárhæð 400.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn í því tilfelli falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að í febrúar 1984 hafi hann orðið fyrir slysi við íþróttæfingar í Lögregluskóla ríkisins og meiðst alvarlega á tönnum og tannbeinum. Kveðst hann, þá er slysið varð, hafa verið nemandi í Lögregluskóla ríkisins, og hafi slysið orðið á verklegri æfingu í skólanum í æfingasal lögreglunnar á Seltjarnarnesi. Kveðst hann því hafa slasast við störf sín hjá ríkinu. Kveður hann æfinguna hafa verið undir stjórn Arnórs Sigurjónssonar, þáverandi aðstoðaryfirlögregluþjóns í Reykjavík. Hafi hér verið um eins konar knattleik að ræða. Hafi nemendum verið skipt í tvo liðsflokka, sem keppt hafi að því að koma knetti hvor í annars mark. Telur stefnandi mikla hörku hafa verið leyfða í leiknum. Telur hann slysið hafa orðið með þeim hætti, að þar sem hann hafi legið á gólfi við að aðstoða samherja sinn, er haft hafi knöttinn, hafi nokkrir leikmenn beggja liðsflokka kastað sér á sig, og hafi hann þá fengið spark í andlit og hlotið við það áverka á tönnum og tannbeinum. Kveðst stefnandi ekki gera sér grein fyrir því, hvaða leikmaður hafi sparkað í andlit sér, vegna þeirrar þvögu leikmanna, er lent hafi ofan á sér.

Stefnandi kveðst hafa leitað til Jóhanns G. Möllers tannlæknis tveimur dögum eftir slysið og síðan verið í meðferð hjá honum tímabilið frá 8. febrúar 1984 til 28. september 1984. Hafi hann á þeim tíma farið í alls átta tannaðgerðir, þar sem gert hafi verið að brotnum og lausum fyllingum í þremur jöxlum, brotinni augntönn og framtönn rótfyllt. Þrátt fyrir þær aðgerðir hafi stefnandi þjáðst enn af þungum verk í efri kjálka hægra megin, og hafi hann leitað til Björns Þorvaldssonar tannlæknis, sem uppgötvað hafi beinskemmdir fyrir ofan rætur tveggja framtanna og eins jaxls. Hafi Björn talið þessar beinskemmdir vera afleiðingar slyssins. Kveðst stefnandi hafa komið í alls ellefu skipti til aðgerðar hjá Birni Þorvaldssyni vegna slyssins á tímabilinu frá 8. mars 1985 til 9. júlí 1987, en þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir hans og lyfjagjöf hafi honum ekki tekist að komast hjá

beinskemmdum fyrir ofan rætur framtanna stefnanda, og hafi Björn Þorvaldsson því vísað stefnanda til Sigurjóns Ólafssonar, sérfræðings í kjálkaskurðlækningum, sem gert hafi skurðaðgerð á stefnanda 4. febrúar 1987. Skrapaði hann örvef og sýktan beinvef og gerði jafnframt rótaraðgerð á hliðartönn hægra megin í efri kjálka. Kveðst stefnandi hafa komið í tvö skipti til aðgerðar hjá Sigurjóni Ólafssyni, 22. janúar 1987 og 4. febrúar 1987.

Vegna slyss þessa kveðst stefnandi hafa þurft að fara í 21 aðgerð hjá tannlæknum frá 8. febrúar 1984 til 9. júlí 1987, og kveðst hann ekki enn sjá fyrir endann á læknilsaðgerðum vegna slyssins. Kveðst hann hafa orðið að þola mikil óþægindi og þjáningar vegna þessa slyss, fyrst við slysið sjálft og síðan vegna eftirverkana þess, m.a. sífelldrar vanlíðunar í efri kjálka hægra megin, sem ekki hafi tekist að komast fyrir fyrr en með skurðaðgerð 4. febrúar 1987. Á þeim fjórum árum, sem liðin séu frá slysinu, hafi stefnandi liðið miklar þjáningar vegna fjölda sársaukafullra aðgerða á tönnum og tannbeinum og vegna eftirkasta eftir sumar þeirra, og sé enn ekki að fullu ljóst, hvort þær hafi borið fullan árangur. Við slysið kveður hann hafa blætt inn á framtennur í efri gómi. Við þær blæðingar hafi tennurnar orðið dökkar útlits, sem ekki hafi enn verið bætt úr. Þyki fullvíst, að smíða verði sem fyrst postulínsstiftkrónur á framtennurnar, bæði vegna styrkleikarárnunar þeirra eftir rótaraðgerðir og eins vegna mikilla lýta, sem þær séu stefnanda, og hafi Björn Þorvaldsson tannlæknir lagt mat á, hvað slík aðgerð myndi kosta.

Stefnandi kveður embætti lögreglustjórans í Reykjavík hafa endurgreitt sér hluta útlagðs kostnaðar vegna læknilsaðgerða. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 7. október 1987, til embættis ríkislögmanns hafi ríkissjóður verið krafinn bóta vegna slyssins. Með bréfi ríkislögmanns, dags. 9. desember 1987, hafi kröfu stefnanda um bætur verið hafnað og málshöfðun þessi því verið óhjákvæmileg.

Stefnandi kveðst sundurliða dómkröfu sína svo:

Áætlaður kostnaður við krónusmíði	kr. 50.000
Bætur fyrir miska (þjáningar, óþægindi, lýti og óþrýði)	— 350.000
Samtals	kr. 400.000

Stefnandi kveðst reisa málsókn sína í fyrsta lagi á því, að öryggisráðstafanir hafi ekki verið fullnægjandi við æfinguna í lögregluskólanum, þá er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Kveður hann mikla hörku hafa verið leyfða í leiknum af stjórnanda æfingarinnar. Reglur leiksins hafi verið mjög frjálsegar og minnt mjög á leikreglur bandaríks fótbolta, og hafi leikmenn mátt beita andstæðinga sína hvers konar brögðum til að koma knettinum

í mark andstæðinga sinna, þar á meðal líkamsburðum sínum í því skyni. Til marks um hörku leiksins sé, að stjórnandi æfingarinnar, Arnór Sigurjónsson, hafi talið sérstaka þörf á því að taka fram, að óheimilt væri að sparka og slá í höfuð andstæðinga. Með hliðsjón af þessu hafi fyrirsvarmönnum lögregluskólans borið skylda til að hafa til taks andlitshlífar til að verja nemendur slysum. Hvorki hafi slíkar hlífar né nokkur annar öryggisbúnaður verið tiltækur, og sé á því byggt, að slík vanræksla fyrirsvarsmanna lögregluskólans sé alvarlegt brot á almennum skaðabóta-reglum.

Í öðru lagi kveður hann málsóknina reista á því, að ekki hafi verið forsvaranlegt af stjórnanda æfingarinnar, Arnóri Sigurjónssyni, þáverandi aðstoðaryfirlögrefluþjóni, að láta lögregluskólanema leika fyrrgreindan „leik“ og að hann hafi vitað eða mátt vita um þá augljósu hættu, sem nemendum hafi stafað af æfingunni. Því sé haldið fram, að tjón stefnanda megi kenna gáleysi stjórnanda æfingarinnar að heimila og fyrirskipa nefndan „leik“ og að stefndi sem vinnuveitandi Arnórs Sigurjónssonar beri því skýlausa ábyrgð á tjóni stefnanda.

Í þriðja lagi kveðst stefnandi styðja mál sitt því, að einhver vinnufélagi sinn og starfsmaður stefnda hafi af gáleysi valdið sér fyrrgreindu tjóni með því að sparka í andlit sér. Óljóst sé, hvaða nemandi hafi sparkað í stefnanda, og sé á því byggt, að sá vafi eigi ekki að koma stefnanda í koll, heldur vera á ábyrgð stefnda.

Í fjórða lagi kveðst hann rökstyðja svo mál sitt, að stefndi hafi í verki viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða án nokkurs fyrirvara hluta þess kostnaðar, sem stefnandi hafi haft af læknisáðgerðum vegna slyssins.

Til stuðnings kröfum sínum og málsástæðum kveðst stefnandi vísa til reglna skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri og ólög-mætri háttsemi starfsmanna sinna. Stefnandi kveðst jafnframt vísa til hlut-lægrar bótareglu 5. gr. laga um lögreglumenn nr. 56/1972 eða til lögjöfn-unar frá því ákvæði. Kröfu um miskabætur kveður hann styðjast við 264. gr. laga nr. 19/1940. Kröfu sína um vexti kveður hann byggða á vaxta-lögum nr. 25/1987, einkum 7. gr., 10. gr., 14. og 15. gr. Málskostnaðar-kröfu kveður hann studda við XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum 1. mgr. 177. gr. og 184. gr., sbr. lög nr. 54/1988.

Stefnandi kveður, að skv. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn skuli við embætti lögreglustjórans í Reykjavík starfrækja lögregluskóla, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skuli að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöður en þá, er staðist hafi próf í skólanum. Í II. kafla reglugerðar nr. 660/1981 sé fjallað um lögregluskóla og starfs-nám. Nokkur hluti námsins sé verklegar æfingar, og hafi það verið á einni slíkri æfingu, er atvik máls þessa hafi gerst. Leiknum sé svo lýst í vitna-

skýrslu Arnórs Sigurjónssonar: „Varðandi þann leik, sem hér er til umræðu, þá var komið fyrir mörkum við enda salarins, tvö mörk (sic) 40-50 cm á breidd, og voru þau höfð í brjóst hæð. Leikurinn hófst með því, að knettinum var kastað í loft upp, og hóf það liðið leikinn, sem knettinum náði. Tilgangur leiksins var síðan sá að æfa hóp samvinnu nemenda með því að láta þá í sameiningu koma knettinum í mark andstæðinganna. Ekki var leyfilegt að slá eða sparka í andstæðingana né heldur vera með neinn ruddaskap. Leikurinn var síðan fólgin í því, að samherjar réttu knöttinn á milli sín, allt þar til komið var að marki andstæðinganna. Leyfilegt var að hrifsa boltann úr höndum andstæðinganna og hefja með því sókn, en samherjar reyndu að verja þá, sem knöttinn höfðu í það og það skiptið.“

Stefnandi lýsi slysinu svo í lögregluskýrslu: „Undirritaður var að aðstoða samherja sinn, er lá í gólfinu, og voru nokkrir andstæðingar ofan á honum. Er undirritaður var að þessu, komu menn úr báðum liðum (sic), og lentu þeir í þvögu ofan á okkur, og við það fékk undirritaður spark með hné í efri góm, rétt neðan við nef.“

Sýknukröfu sína kveðst stefndi í fyrsta lagi reisa á því, að hér hafi verið um hreint óhappatilvik að ræða. Eins og í atvikalýsingu stefnanda komi fram, hafi verið komin þvaga á gólfinu og stefnandi farið í þvöguna til þess að eigin sögn að aðstoða samherja sinn. Hafi hann orðið fyrir sparki í þvögunni, sem einungis hafi verið hreint óhappatilvik, og leiði það til sýknu fyrir stefnda.

Verði ekki á það fallist, að um óhappatilvik hafi verið að ræða, verði að líta svo á, að þegar þvaga hafi myndast og stefnandi fari í hana, geri hann það á eigin áhættu. Hér sé ekki hægt að kenna neinum um nema honum sjálfum, og leiði það til sýknu fyrir stefnda.

Þeim rökum stefnanda sé með öllu mótmælt, að krafa hans verði reist á almennu skaðabóta reglunni og reglum um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna, svo og, að hlutlægar bótareglur í 5. gr. laga nr. 56/1972 eigi við. Því sé mótmælt, að um vanrækslu af hálfu fyrirsvarsmanna lögreglustjóra og stjórnanda æfingarinnar hafi verið að ræða, þar sem ekki hafi verið „til taks andlitshlífar til að verja nemendur slysum“ né nokkur annar öryggisbúnaður í sama skyni. Það tíðkist ekki, að þvílíkar andlitshlífar séu viðhafðar í handbolta eða fótbolta eða öðrum leikjum, og með öllu sé ósannað, að slíks hafi verið þörf í þessum leik. Tilgangur leiksins hafi verið að hita menn vel upp fyrir seinni æfingar, og hafi engin högg eða spörk verið leyfð, heldur einungis líkamleg átök milli manna, sem ekki séu ósvipuð því, er gerist í daglegu lífi lögreglumanna. Þá sé með öllu ósannað og því andmælt, að leikið hafi verið af slíkri „hörku“, að stjórnanda hafi borið að skakka leikinn. Auðvitað kunni mönnum að hlaupa

kapp í kinn í slíkum leikjum, og ljóst sé, að slíkum íþróttum fylgi jafnan nokkur áhætta, en fjarri fari því, að reist verði á henni bótaskylda. Ekki verði annað séð en slys þetta hafi orðið vegna hreinnar óhappatilviljunar.

Í öðru lagi sé það með öllu örökstutt af hálfu stefnanda, að tjón hans „megi kenna gáleysi stjórnanda æfingarinnar að heimila og fyrirskipa nefndan „leik“. Þessari fullyrðingu sé harðlega mótmælt. Ekki verði séð, að þessi málsástæða eigi við rök að styðjast, hvað þá, að orsakasamband sé milli ákvörðunar stjórnanda um leikinn og slyss stefnanda. Í því sambandi skuli bent á, að leikurinn hafi oft verið leikinn, án þess að slys hafi hlotist af.

Í þriðja lagi sé óupplýst í málinu, hver hafi valdið þeim áverka, er stefnandi hafi hlotið á æfingu í lögregluskólanum í febrúarbyrjun 1984. Því sé ekki mótmælt, að þar hafi átt hlut að máli einhver félagi hans úr lögregluskólanum. Nemarnir hafi ekki verið í starfi, er atvikið hafi viljað til, og verði stefndi ekki krafinn bóta eftir reglum um húsbóndaábyrgð.

Í fjórða lagi styðji stefnandi mál sitt því, að stefndi hafi í verki viðurkennt bótaskyldu sína með því að greiða án nokkurs fyrirvara hluta þess kostnaðar, er stefnandi hafi haft af lækniáðgerðum vegna slyssins. Þessu sé eindregið mótmælt. Þær greiðslur, sem stefnandi hafi fengið frá embætti lögreglustjóra, hafi verið greiddar á grundvelli kjarasamnings milli BSRB og fjármálaráðherra, gr. 7.4.1., sem hljóði svo: „Ríkið bætir starfsmanni þau útgjöld, sem starfsmaður kann að verða fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 32. gr. laga um almannatryggingar.“ Með þessum greiðslum hafi því engin afstaða verið tekin til bótaábyrgðar ríkissjóðs. Þá telur stefndi, að hlutlægar ábyrgðarreglur eigi ekki við um úrlausn málsins, en stefnandi virðist byggja á þeim öðrum þræði.

Til vara sé gerð krafa um, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Sé varakrafan á því reist, að í vottorði Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis komi fram, að ekkert verði fullyrt um orsakir rótarbólgunnar. Í öðru lagi sé krafa um áætlaðan kostnað vegna krónusmiðar ósannaður. Miskabótakröfu stefnanda sé mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenjur. Vöxtum og upphafstíma vaxta sé mótmælt.

Niðurstaða.

Við aðalflutning málsins komu eftirtalin vitni fyrir dóminn: Björn Þorvaldsson tannlæknir, Ólafur Egilsson lögregluþjónn, Stefán Örn Guðjónsson lögregluþjónn og Bjarki Eliasson, skólastjóri Lögregluskóla Reykjavíkur. Stefnandi málsins býr erlendis og kom ekki fyrir dóminn. Arnór Sigurjónsson, stjórnandi íþróttæfingar þeirrar, er stefnandi slasaðist á, kom ekki fyrir dóminn.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi fékk högg eða spark í andlit í febrúarmánuði 1984 á íþróttæfingu í Lögregluskóla Reykjavíkur, þar sem hann var nemandi. Fékk hann höggið í þvögu, er myndaðist í boltaleik. Lögð hafa verið fram í málinu vottorð Jóhanns G. Möllers tannlæknis, Björns Þorvaldssonar tannlæknis, tvö vottorð, og Sigurjóns H. Ólafssonar tannlæknis, og þykja með þeim og öðrum gögnum sem og vitnaframburði Björns Þorvaldssonar fullnægjandi líkur að því leiddar, að stefnandi hafi við ofangreint slys hlotið slæma áverka á tönnum og að hann hafi leitað sér læknishjálpar og þar með gert það, sem í hans valdi stóð, til að draga úr tjóni sínu.

Form og reglur leiksins eru ekki ljósar, en vitni hafa borið, að honum verði helst líkt við bandarískan fótbolta. Lýsir stjórnandi æfingarinnar, þáverandi yfirlögregluþjónn, Arnór Sigurjónsson, leiknum svo í vitna-skýrslu hjá rannsóknarlögreglu Reykjavíkur, að samherjar hafi rétt knöttinn á milli sín, allt þar til komið var að marki andstæðinganna. Leyfilegt hafi verið að hrifsa boltann úr höndum andstæðinganna og hefja með því sókn, en samherjar hafi reynt að meina andstæðingunum að ná til knattarins með því að halda þeim frá þeim, sem boltann hafði. Hafi leikmenn þannig tekist á, neytt liðkamsburða sinna. Högg og spörk hafi ekki verið leyfð og brýnt fyrir mönnum að sýna aðgætni og slá ekki eða sparka í höfuð eða aðra viðkvæma staði andstæðinga. Kvaðst hann hafa stöðvað leikinn, ef ástæða var til, t.d. vegna óþarfrar hörku, og aldrei hafi leikurinn staðið nema stutta stund í einu.

Samkvæmt ofangreindri skýrslu virðist tilgangur leiksins hafa verið tvíþættur: að hita menn upp fyrir síðari æfingar og að fá nemendur til að taka á og vinna saman við líkamleg átök, líkt og gerist í daglegu starfi lögreglumanna.

Vitnin Ólafur og Stefán töldu báðir, að töluverð harka hefði verið í þessum leik, af því að boltinn var réttur á milli manna. Mundu báðir eftir tilviki, þar sem nemi hafði meiðst á nefi, en hvorugur þeirra taldi sig hafa verið í þeim tíma, þegar stefnandi slasaðist. Svo sem leiknum er lýst af stefnanda og vitnum, kann að hafa verið ástæða til að nota hlífar fyrir andliti til að forðast meiðsli. Þykir þetta atriði þó eigi nægilega upplýst til þess, að á því verði byggt, og ósannað er, að stjórnandi æfingarinnar hafi sýnt af sér vitaverða háttsemi við stjórn og framkvæmd æfingar þeirrar, er stefnandi slasaðist á.

Hins vegar er upplýst, að íþróttæfing þessi var liður í skyldunámi lögreglunema í Lögregluskóla Reykjavíkur, og þykir verða að líta svo á, að leikur sá, er stefnandi slasaðist í og var undir stjórn kennara og fyrirskipaður af honum, hafi verið lögregluæfing, sem m.a. hafi haft þann tilgang að æfa nema í að beita líkamsburðum. Upplýst er, að nemendur

skólans eru í starfi, meðan á námi í skólanum stendur, eru á fullum launum og njóta réttinda og bera skyldur sem lögreglumenn. Samkvæmt framburði Bjarka Eliassonar fyrir dóminum er á lögregluæfingum reynt að líkja eftir raunveruleikanum, en yfirleitt ekki farið út í slíkt harðræði, að hætta sé á, að valdi skaða; óhöpp gætu hins vegar orðið. Þegar allt þetta er virt, þykir verða að líta á þjálfun lögreglunema og nám sem hluta af lögreglumannsstarfi og í þeim skilningi, að hlutlæg bótaregla 2. mgr. 5. gr. laga 56/1972 eigi við um tjón, er í því verður, einkum í tilvikum eins og hér um ræðir, þar sem sérstaklega er verið að æfa menn í átökum.

Ekki er upplýst, hver skólafélaga stefnanda varð valdur að slysinu, og þykir því verða að leggja bótabyrgð á ríkissjóð skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972. Ekki verður á það fallist með stefnda, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu með framgöngu sinni í leiknum eða með öðrum hætti.

Er meiðslum stefnanda lýst í eftirfarandi vottorði:

„Björn Þorvaldsson tannlæknir, 1360-1909, Síðumúla 25, sími 31420. Reykjavík, 13.8. 1987. Ingólfur Harðarson, Krummahólum 10, R., 4725-6402, f. 3. 2. 1961.

Umsögn vegna meðferðar eftir áverka á andlitsbeinum og tönnum við slys í febrúar 1984.

Ingólfur hlaut áverka á lögregluæfingu, sbr. fylgjandi skýrslu. Hann fór þegar til tannlæknis til skoðunar og aðgerða. Voru þá rótfylltar þrjár framtennur og gert við brotnar fyllingar, a.m.k. til bráðabirgða.

Ári síðar, 8.3. 1985, leitaði Ingólfur til undirritaðs vegna sífelldrar vanlíðunar í áverkastað, þ.e. í efri kjálka hægra megin. Við röntgenskoðun sáust beinskemmdir ofan við rætur tveggja framtanna og eins jaxls, og má með vissu rekja þær til áverkans.

Jaxlinn var hreinsaður upp og rótfylltur og frágenginn, og tókst að koma í veg fyrir frekari beinskemmdir. Þrátt fyrir ítrekaðar aðgerðir og lyfjagjöf tókst ekki að komast fyrir beinátu ofan við rætur framtanna, og var Ingólfi þá vísað til sérfræðings í kjálkaskurðlækningum, Sigurjóns Ólafssonar, sem gerði rótaraðgerð og skröpun á örvef og sýktum beinvef.

Samkvæmt röntgenskoðun nú, tveimur mánuðum síðar, virðist aðgerðin ætla að bera árangur.

Framtennur eru þó enn dökkar og ljótar útlits, þótt reynt hafi verið að bæta úr því með fyllingum, og vegna styrkleikarýrnunar eftir rótaraðgerðir má telja fullvíst, að smíða þurfi postúlínsstiftkrónur á þær innan tíðar.

Beinn kostnaður af aðgerðum mínum og Sigurjóns nemur um 20.000 kr., væntanlegur kostnaður við krónusmið er ekki undir 50.000 kr.

Þess utan hefur Ingólfur mátt þola veruleg óþægindi og sársauka, fyrst

við áverka og eftirverki, síðan vegna fjölda óþægilegra aðgerða og eftirkasta eftir sumar þeirra og e.t.v. ekki séð fyrir endann á þeim enn.

Reykjavík, 13. 8. 1987. Björn Þorvaldsson.“

Svo sem hér er lýst og með öðrum gögnum málsins þykir upplýst, að stefnandi hafi búið við mikla vanlíðan af völdum slyssins, frá því að það verður í febrúar 1984 og til þess, að aðgerð er gerð 4. febrúar 1987, á um þriggja ára tímabili. Af myndum, sem lagðar hafa verið fram, má sjá lýti á framtönnum, en stefnandi telur, að úr þeim megi bæta með krónusmíð. Björn Þorvaldsson tannlæknir bar fyrir dóminum, að kostnaður við krónusmíð væri í dag u.þ.b. 90.000 kr. Staðfesti hann einnig, að stefnanda væri nauðsynlegt að fá krónu á tvær framtennur til að styrkja þær og draga úr lýtum.

Þegar allt þetta er virt, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfu stefnanda um 50.000 kr. vegna kostnaðar við krónusmíð til greina auk 150.000 kr. í miskabætur, samtals 200.000 kr., ásamt dráttarvöxtum, svo sem krafist er skv. III. kafla laga nr. 25/1987.

Það athugast, að málatilbúnaður stefnanda í stefnu og greinargerð þykir ekki fullnægja skilyrðum 88. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 10. gr. laga nr. 54/1988 og 105. gr. laga 85/1936, sbr. 12. gr. laga 54/1988.

Málskostnaður ákveðst 80.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingólfi Harðarsyni, 200.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 7. nóvember 1987 til greiðsludags og 80.000 kr. í málskostnað, og reiknast dráttarvextir á málskostnað án virðisaukaskatts skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.